

Námskeið og fræðslufundir á vegum Skólaþjónustu Árnesþings
Vorönn 2020

Staður og dagsetning	Námskeið	Lýsing	Þátttökugjald	Skráning
28. janúar Kl. 14:00 - 15:30 Sunnulækjarskóli Selfossi	Heimsókn í Setrið Sunnulækjarskóla Ætlað umsjónarmönnum sérkennslu og þeim sem koma að sérkennslu í leik- og grunnskóla.	Hermann Örn Kristjánsson, deildarstjóri Setursins, segir frá starfsemi og kynnir skipulag og kennslufyrirkomulag við Setrið. Þátttakendur fá tækifæri til samráðs við starfsmenn Setursins og sín á milli ásamt því að skoða kennslusvæðið.	Ekkert þátttökugjald	Skráning hér
5. febrúar Kl. 14:00 – 15:30 Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Stærðfræði fyrir börn á leikskólaaldri og yngsta stigi – Verkferakista – Umsjón hefur Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, sérkennari og höfundur vefsíðunnar: https://fjolbreyttkennsla.is/	Erindi um fjölbreyttar kennsluáðferðir í stærðfræði fyrir börn á leikskólaaldri og yngsta stigi grunnskóla. Farið verður yfir bæði kennslugögn og kennsluáðferðir sem gera stærðfræðikennsluna skemmtilega, leikandi og fjölbreytta.	1.000 kr.-	Skráning hér
11. febrúar Kl. 14:00 – 15:30 Flóaskóli	Kjarnatímar á eldra stigi Flóaskóla - Teymiskennsla grunnskólakennara og stoðþjónustu í skóla margbreytileikans. Ætlað öllum sem koma að kennslu í grunnskóla. Umsjón hafa Sigurbára Rúnarsdóttir þroskaþjálfari og verkefnastjóri stoðþjónustu á eldra stigi og María Hödd Lindudóttir umsjónarkennari á eldra stigi í Flóaskóla.	Fjallað verður um skipulag kennslu og náms í kjarnatímum í Flóaskóla, teymiskennslu og samvinnu starfsfólks skólans. Þar fá nemendur á unglingsstigi 12 kjarnatíma á viku inni í stundaskrá sem eru áætlaðir í samfélagsfræði, náttúrufræði, íslensku og stærðfræði. Nemendur ráða sjálfir í hverri af þessum námsgreinum þeir vinna í innan kjarnatímanna, þeir skipuleggja sjálfir og áætla hve mikinn tíma þeir þurfa til að vinna verkefni með hliðsjón af kennsluáætlun vikunnar. Einnig verður kynnt kennsluumhverfi nemenda og starfsfólks sem og aðferðir sem prófaðar hafa verið. Þá verður	Ekkert þátttökugjald	Skráning hér

		farið yfir þann ávinning sem starfsfólk og nemendur sjá af breyttu fyrirkomulagi.		
<p>19. mars</p> <p>Grunnskólinn í Hveragerði</p> <p>Kl. 14:30 – 15:30</p>	<p>Kennsla til vaxtarhugarfars Ætlað grunnskólakennurum</p> <p>Fyrirlesari er Hildur Lilja Guðmundsdóttir grunnskólakennari. Erindið er byggt á starfendarannsókn fyrirlesarans („Í kanínuholunni beið nýr raunveruleiki“).</p>	<p>Fjallað er um hvernig kenningar Carol S. Dweck um vaxtarhugarfar (e. growth mindset) og festuhugarfar (e. fixed mindset) nýtast í skólastarfi. Markmiðið er að skoða hvernig kennari getur með kennsluháttum sínum og orðræðu eftl vaxtarhugarfar nemenda sinna og mögulega eigið hugarfar. Vinna með vaxtarhugarfar getur gefið kennara ný verkfæri til að eiga samskipti við nemendur og leiðbeina þeim áfram ásamt því að breyta áherslu náms, kennslu og kennsluaðferðum.</p>	2.500 kr.-	Skráning hér
<p>25. mars</p> <p>Kerhólsskóli</p> <p>Kl. 14:00 – 15:30</p>	<p>Orðaforði og kennsla barna af erlendum uppruna Ætlað leik- og grunnskólakennurum</p> <p>Umsjón hafa Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingur og Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafi</p>	<p>Fjallað verður um málþroska, tvítýngi og færni sem börn þurfa að tileinka sér til að stuðla að góðum málþroska. Einnig verður fjallað um áskoranir og áherslur í orðaforðakennslu barna af erlendum uppruna.</p>	Ekkert þátttökugjald	Skráning hér
<p>31. mars</p> <p>Kl. 13:30 – 15:00</p> <p>Leikskólinn Undraland, Hveragerði</p>	<p>Kynning á HLJÓM-2 Ætlað leikskólakennurum og 1.-2. bekkjar kennurum</p> <p>Andrea Anna Guðjónsdóttir frá Menntamálastofnun</p>	<p>Fjallað verður um HLJÓM-2 prófið og hvernig gagnlegast sé koma til móts við þarfir nemenda út frá niðurstöðum prófsins.</p>	Ekkert þátttökugjald	Skráning hér

<p>15. apríl</p> <p>Kl. 13:00 – 16:00</p> <p>Bláskógaskóli Laugarvatn</p>	<p>Af hverju og hvernig förum við út?</p> <p>Útikennsla</p> <p>Umsjón verður í höndum kennara Bláskógaskóla á Laugarvatni.</p>	<p>Fyrirlestur um útiskólann og stöðvar með ýmsum verkefnum í umhverfi skólans.</p> <p>Reynum að svara spurningunni „af hverju förum við út“ og sýna þátttakendum hvernig við förum að.</p>	<p>Lágmarks efniskostnaður (Þáttökugjald auglýst síðar)</p>	<p>Skráning hér</p>
--	--	---	---	-------------------------------------